

Skólamat Höfðaskóla 2009 - 2011

Áfangaskýrsla - maí 2009

Inngangur

Samkvæmt lögum ber grunnskólum að framkvæma innra mat á starfsemi sinni. Skólum er í sjálfsvald sett hvernig þetta mat fer fram og eru til margar leiðir við framkvæmd þess. Höfðaskóli valdi að nota tölvutengt mat sem kallast Skólamat frá fyrirtækinu Outcome en það fyrirtæki sérhæfir sig í að búa til kannanir af ýmsum toga. Matið er formlegt leiðsagnarmat þ.e. aðalmarkmið þess er að leita upplýsinga til að finna veikar og sterkar hliðar skólastarfsins til að geta unnið að úrbótum þar sem þeirra er þörf.

Framkvæmd

Skólamat byggist á þrjátíu og einni vefkönnun fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Ætlast er til að könnuninum sé dreift á þriggja ára tímabil þar sem hver áður nefndra hópa tekur ákveðnar kannanir á hverju ári samkvæmt ákveðinni framkvæmdaáætlun. Hver könnun inniheldur tíu spurningar þar sem svörin eru sett í með fimm þrepa Likert-skala þar sem svarmöguleikarnir geta verið t.d.: alltaf, oft, stundum, sjaldan og aldrei.

Kannanirnar taka til sjö mismunandi þátta er snerta skólastarfið, mismargar til hvers þáttar fyrir sig. Þættirnir eru: Líðan (3), samskipti (5), almennt um skólann (5), starfið í skólanum (2), nám og kennsla (2), stjórnun, stefnumörkun og skipulag (6) og upplýsingastreymi (3). Nokkrar kannananna er lagðar fyrir oftast en einu sinni á þessu þriggja ára matstímabili.

Vorið 2009 voru, samkvæmt áætluninni, lagðar eftirfarandi fjórar kannanir fyrir foreldra: Líðan, Samskipti, Almennt um skólann 1. hluti og Almennt um skólann 2. hluti. 60 foreldrar fengu kannanirnar sendar á tölvunetföng sín með nokkurra daga millibili eftir að hafa fengið bréf heim þar sem verkefnið var kynnt rækilega. Fyrir 19 starfsmenn voru lagðar tvær kannanir sem reyndar var slegið saman í eina tölvukönnun með 20 spurningum. Kannanirnar sem starfsmenn svöruðu voru: Líðan 1. hluti og Samskipti 1. hluti. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérdeildar svöruðu ekki starfsmannakönnuninni þar sem það var talið geta skekkt niðurstöðurnar á ósanngjarnan hátt.

Nemendur úr 5., 7., 8. og 9. bekk, samtals 48 börn, svöruðu síðan þremur könnunum: Líðan 1, Samskipti 1 og Almennt um skólann. Nemendur voru teknir í smáum hópum inn í tölvustofu skólans og svöruðu þar könnunum og þannig var tryggt að allir svöruðu, sem ekki voru forfallaðir daginn sem viðkomandi könnun var framkvæmd.

Svarhlutfall í foreldrakönnunum var ásætlanlegt eða frá 62,3% upp í 73,3%. Svörun starfsfólks var 94,5 %, sem er mjög gott, og svörun nemenda var líka mjög góð eða 91,7% - 97,8%.

Samanburður og mat á niðurstöðum

Í heild má segja að skólinn og starfið innan hans komi vel út úr könnuninum en þó sýna svörin að vinnunni er langt því frá lokið.

Úr svörum nemenda má lesa að 33% þeirra telur nokkuð skorta á gagnkvæma virðingu milli nemenda og starfsfólks. Einnig telur töluverður hópur nemenda að aðstæður þeirra séu ófullnægjandi í frímínútum. Um þetta atriði eru kennarar sammála nemendum þ.e.a.s. að aðstöðuna innan dyra í skólanum þurfi að bæta. Einnig kemur fram í svörum þriðjungs foreldra að þeir telja aðstæður barna sinna í frímínútum ekki nægjanlega góðar.

Á óvart kemur að hluti nemenda telur sig ekki þekkja skólareglurnar þrátt fyrir að farið sé yfir þær árlega með hverjum bekk auk þess sem úrdráttur úr þeim hangir uppi á aðgengilegum stöðum í skólanum. Á sama hátt er það upplifun margra nemenda að þeir séu ekki nægjanleg vel upplýstir um það sem er að gerast í skólanum. Þessu eru kennarar almennt ósammála og benda á dreifibréf, munnleg fyrirmæli og heimasíðu skólans í þessu sambandi.

Spurningar sem tengjast einelti og stríðni koma vel út hjá nemendum og ríma vel saman við niðurstöður Olweusar-kannana sem gerðar hafa verið í skólanum.

Kennarar telja að nokkuð skorti á hrós og/eða hvatningu frá samstarfsfólki, foreldrum og stjórnendum. Ef til vill er það orsök eða a.m.k. hluti skýringarinnar á því að ekki nema um 50% starfsmanna telja starfsandann í skólanum vera mjög góðan eða frekar góðan. Hin 50% telja andann vera hvorki góðan né slæman (44,5%) eða frekar slæman (5,6%). Í þessu sambandi vekur það athygli að þrátt fyrir að vera ekki sátt við starfsandann svara 72% starfsmanna því til að þeir geri hvorki mikið né lítið eða nokkuð lítið í að efla starfsandann í skólanum! Af þessum sama meiði er það álit nokkuð stórs hluta starfsfólksins að samskipti milli starfsfólks innbyrðis séu ekki nægjanlega góð þar sem 7 af 18 svarendum telur þau viðunandi og 1 telur þau frekar slæm. Angi af þessu er sú skoðun nokkurra kennara að betur þurfi að standa að móttöku nýrra kennara og það þurfi að setja þá enn betur inn í ýmis mál en nú er gert. Þá eru til þeir starfsmenn sem telja að aga- og skipulagsmálum sé ábótavant og að viðhorf foreldra sé neikvætt út í skólann. Aftur á móti er ekki hægt að lesa annað úr svörum foreldra en að viðhorf þeirra til skólans sé ásættanlegt.

Yfirgæfandi meirihluti foreldra telja að barninu sínu líði afar vel, nokkuð vel eða sæmilega í skólanum. Þó telja 3 foreldrar af 38 að barninu sínu líði frekar illa í skólanum þannig að enn er verk að vinna á því sviði.

31,5% foreldra telur að agi í skólanum sé ekki nógu góður eða alls ekki nógu góður þrátt fyrir að ekki nema 24% þeirra svari eins þegar spurt er um aga í bekknum hjá viðkomandi barni. Þetta stangast nokkuð á við það álit foreldra að samstarf við skólann og umsjónakennara barnsins séu mjög góð, frekar góð eða viðunandi (95%). Einnig er einkennilegt að allir foreldrar telja að nemendum líði almennt afar vel, nokkuð vel eða sæmilega í skólanum á sama tíma og 24% þeirra telja að einelti sé mjög mikið eða frekar mikið í skólanum. Það álit foreldra er þvert á álit nemendanna sjálfra og niðurstöður Olweusarkannana. Þá má benda á að almennt telja nemendurnir samskipti sín á milli, bæði innan skólans og utan, mun betri en foreldrar þeirra.

Þegar kemur að spurningum til foreldra almennt um skólann kemur í ljós að flestir telja hann vera mjög góðan, frekar góðan eða hvorki góðan né slæman (98%) Þegar fólk er síðan beðið um að bera skólann saman við aðra skóla telja 28,5% hann vera

heldur verri en samanburðaskólana! Þá kemur skólinn mjög illa út þegar spurt er hvort viðkomandi geti mælt með honum við aðra foreldra þar sem einungis 54,5% aðspurðra telja sig geta gert það mjög sterklega eða að flestu leyti. Aðrir svarendur taka ekki afstöðu eða telja sig geta mælt með skólanum að nokkru leyti eða alls ekki. 30-50% foreldra eru þeirrar skoðunar að sérkennsla og stuðningur við fatlaða sé ekki í nógu góðu lagi í skólanum þrátt fyrir að 84% þeirra telji kennara barnsins síns leggja oftast eða oft metnað sinn í að kennslan sé góð!

Yfirgnæfandi meirihluti foreldra hefur þá tilfinningu að þeir séu velkomnir í skólann og að samstarf heimilanna og skólans sé í góðu lagi og undir það tekur mikill meirihluti starfsfólksins. Þá telur mikill meirihluti foreldra að skólinn sé vel settur með starfsfólk.

Punktur til grundvallar úrbótaáætlun

- Aðstöðu nemenda í frímínútum þarf að bæta á einhvern hátt. Ef til vill væri gott að fjölga sætum á göngum og reyna að gera gangana „heimilislegri“ en nú er. Sennilega strandar þetta mál frekar á fjármagni en vilja skólayfirvalda. Velta má fyrir sér þeirri leið að auglýsa eftir notuðum húsgögnum í samfélaginu til að fá gefins inn í skólann. Sjónvarp með dvd spilara væri líka góð viðbót en krefst þess að skólaliði eða einhver annar hafi yfirumsjón með notkun þess.
- Starfsfólk skólans verður að temja sér meiri kurteisi og virðingu gagnvart nemendum. Hér á við hið fornkeðna að það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Skólastjórnendur þurfa að fara í gegnum þessi mál með starfsfólkinu og skerpa betur á þeim áherslum sem eiga að vera í fyrirrúmi í skólanum. Angi af þessu er líka sá að nemendum séu skólareglurnar alveg skýrar þannig að engin velkist í vafa um hvað er ásætlanleg hegðun og hvað ekki.
- Stjórnendur þurfa að vera betur vakandi yfir því sem vel er gert í skólanum og muna betur eftir að hrósa starfsfólki hvetja og þakka því það sem vel er gert. Einnig þarf að koma sömu hugsun inn hjá starfsfólkinu sjálfu gagnvart hvort öðru því ef það tekst batnar starfsandinn og fólk fær meiri ánægju af vinnu sinni.
- Stjórnendur þurfa að skerpa á vinnuferlum í sambandi við agamál. Ekki er nóg að gera það bara á haustin heldur virðist þurfa að fara yfir þessi mál oft á vetri til að öllum sé ljóst til hvers er ætlast af hverjum og einum. Einnig þarf e.t.v. að auka samstarf starfsfólks í agamálum og halda umræðunni vakandi.
- Nokkuð virðist skorta á að foreldrar séu nægjanlega vel upplýstir um agamál, eineltismál og fleiri „innanbúðarmál“ í skólanum. Ein leið til að upplýsa foreldra betur væri e.t.v. einhvers konar dreifibréf eða bæklingur þar sem þessi mál eru skýrð betur út ásamt því að hafa upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu skólans t.d. um niðurstöður Olweusarkannana, líðanakannana og fleira. Þá mætti hugsa sér mánaðarlega fundi þar sem öllum væri boðið til skrafs og ráðagerða um þessi mál þar sem línur væru lagðar og foreldrar hefðu leið til að hafa bein áhrif á framgang agamála í skólanum. Slík vinna mundi væntanlega auka ábyrgð foreldra á málefnum barna sinna og veita þeim meiri innsýn í dagleg vandamál hér í skólanum.
- Álit fólks á skólanum er misvísandi og á einhvern hátt þarf að vinna að því að auka orðstýr hans þannig að fleiri geti hugsað sér að mæla með honum við aðra foreldra. Þetta er erfitt verkefni og ekki til neinar augljósar leiðir að þessu marki ekki síst í ljósi þess hve misvísandi ábendingar svör foreldra gefa. Ljóst er þó að ef nemendum líður vel í skólanum, njóta virðingar og tillitsemi og fá þá þjónustu sem þeim ber þá ætti þetta álit að batna. Starfsfólk skólans telur að þessi atriði séu öll í góðu lagi þannig að hér verða stjórnendur að leggja höfuðið í bleyti og finna lausn sem dugar. Rétt er að líta á þetta sem verkefni til lengri tíma en eins árs.

- Óánægja fólks með sérkennsluna og kennslu fatlaðra er ef til vill að nokkru byggð á misskilningi og vanþekkingu. Erfitt er að segja til um hvort væntingar fólks eru of miklar eða hvort þreyta og uppgjöf foreldrar gagnvart vanda barna sinna spilar hér inn í. Hugsanlega þarf að bæta upplýsingastreymi til heimilanna frá sérkennslunni t.d. með útsendingu línurita yfir mánaðarlegar framfarir í lestri og aðrar þess konar upplýsingar sem sýndu að fylgst er með nemendum í sérkennslu. Þá væri ef til vill gott að fá foreldra sérkennslubarna í heimsókn í dæmigerðan sérkennslutíma – hvort sem farið er inn í bekk með stuðning eða barnið tekið út – til að viðkomandi foreldri reyndi á eigin skinni um hvað er að ræða.